



## SKÝRSLA STJÓRNAR 2022

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands var haldinn 17. mars 2021, í formi fjarfundar vegna samkomutakmarkana af völdum Covid-19 faraldursins. Kosið var til stjórnar en nýjar í stjórn voru kosnar þær Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir og Rakel Anna Boulter. Nína Aradóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Þórhallur Jónasson, Benedikt Traustason og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir héldu áfram úr fyrri stjórn. Af störfum lét Þórunn Lilja Arnórsdóttir en Anna Þorsteinsdóttir hafði sagt sig úr stjórn í nóvember vegna nýs starfs. Í launa- og kjaranefnd voru kosin Benedikt Traustason, Guðrún Tryggvadóttir og Guðmundur Björnsson, en Nína Aradóttir og Þórhallur Jóhannsson störfuðu einnig með nefndinni þegar leið á tímabilið. Helga Aradóttir, Anna Pálsdóttir og Friðgeir Jóhannes Kristjánsson eru öll ný í skemmti- og fræðslunefnd. Í alþjóðanefnd sátu áfram Hrafnhildur Ævarsdóttir, Linda Björk Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Aðalfundur afgreiddi eina ályktun á fundinum, ályktun um stofnun Hálendisþjóðgarðs og sendi frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla í kjölfarið. Minniháttar lagabreytingar voru einnig samþykktar á fundinum.

Eins og árið á undan hafði covid-19 áhrif á starfsemi félagsins, þó að við ætlum ekki að dvelja mikið við það. Ný stjórn hittist mestmegnis á fjarfundum framan af, en í lok tímabilsins gátum við fundað meira í persónu og einnig náðum við að fara í vinnuferð til Flateyjar. Eitt af aðal verkefnum okkar þar var að yfirfara stefnu félagsins, en hún kom út 2017 og gildi til ársins 2022. Ný stefna verður kynnt á aðalfundinum. Í Flatey undirbyggjum við okkur einnig undir fund með forsvarsmönnum stofnananna. Faraldurinn hélt hins vegar áfram að hafa áhrif á störf og starfsöryggi landvarða í kjölfar óvissu með ferðamannastraum til landsins og þau áhrif sem það hefur og mun hafa á okkar störf. Nokkrar uppsagnir áttu sér stað og þær endurráðningar sem fylgdu fólu í sér styttri ráðningartíma sem óvíst er í hvaða átt muni þróast. Auknu álagi á landverði var umbunað á nokkrum starfsstöðum en ekki öðrum sem minnir okkur á mikilvægi þess að allir landverðir sitji við sama borð, að bæði kjör og aðstaða séu sambærileg hvar sem starfað er.

### Fræðslu- og skemmtimál

Loksins náðum við að fara í haustferðina sem var á dagskrá í fyrra en haldið var í Þjórsárdal. Lagt var af stað á laugardagsmorgni þar sem við heimsóttum náttúruvættin

Hjálparfoss og Gjánna og Þjóðveldisbæinn Stöng. Áður en við enduðum í Hólaskógi fórum við að Þjófafossi í Þjórsá. Á sunnudeginum fórum við að Háafossi og gengum niður í gilið til að virða betur fyrir okkur fossinn og enduðum daginn síðan í sundi í gömlu Þjórsárdalslauginni. Með hækkandi sólu og afléttingu á samkomutakmörkunum náðum við loksins að halda viðburð en Náttúruminjasafn Íslands bauð okkur á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni, sem endaði síðan í frekara spjalli á Bragganum í Nauthólsvík. Fræðslugöngurnar sem við höfðum áður haldið úti fóru í smá hlé, óhjákvæmilega, en við stefnum ótrauð á að endurvekja þær.

## Hagsmuna- og kjaramál

Eins og ykkur er vonandi öllum kunnugt um höfum við í stjórn og kjara- og laganevnd staðið í ströngu í viðræðum um nýjan stofnanasamning við Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum í gegnum fulltrúa Starfsgreinasambandsins (SGS). Rúmt ár er liðið frá því að viðræðurnar hófust en stefnt var að því að klára þær fyrir síðasta sumar. Viðræðurnar fóru hægt af stað, þar sem erfiðlega gekk að ná sambandi við fulltrúa SGS en með vorinu komst aftur skrið á þær sem leiddi til þess að ný röðun á launaflokkunum var lögð fyrir okkur. Hins vegar gekk verr að semja um önnur mikilvæg atriði. Þrátt fyrir vilja til að klára samningana fyrir sumarið gekk það ekki eftir, enda vorum við aftur komin í þá stöðu að erfiðlega gekk að ná í SGS og voru því viðræðurnar sundurleitar og ómarkvissar. Að okkar mati fengum við ekki þá þjónustu frá SGS sem við þurftum á að halda til að geta klárað samninga. Þar sem komið var fram í júní og landvarsla hafin, var ákveðið að gera hlé á samningaviðræðum og láta gömlu samningana standa áfram, fyrir utan röðun launaflokkanna. Í lok sumarsins sem leið reyndum við að endurvekja viðræðurnar, en höfum komið að lokuðum dyrum hjá SGS eins og sl. ár. Við í stjórn og kjara- og laganevnd töldum því í haust fullreynt að ná samningum með fulltrúum SGS og tókum þá ákvörðun að kanna hvort og þá hvernig væri hægt að flytja samningsumboð landvarða frá Starfsgreinasambandinu yfir til Sameykis, sem er stéttarfélag í almannþjónustu. Niðurstaðan var sú að það er mögulegt og hældum við því upplýsingafund fyrir félagsmenn í kjölfarið. Fundurinn, sem var fjarfundur, var nokkuð vel sóttur og gaf tilefni til að halda áfram og láta reyna á raunverulegan vilja félagsmanna til að skipta um félag en um leið föllum við öll undir sama stéttarfélag, sem verður þá einnig Sameyki, sem þýðir að ósamræmi milli einstakra félaga verður úr sögunni og allir landverðir sitja við sama borð. Því er skemmst frá að segja að nánast allir starfandi landverðir skrifuðu undir skjalið og viðeigandi aðilum hefur verið sent bréf um að þeir óska eftir flutningi yfir í Sameyki frá og með næstu mánaðarmótum. Málið er til skoðunar hjá kjara- og mannauðssýslu ríkisins og mun Sameyki veita okkur upplýsingar um þróun mála. Við vonum að nýr stofnanasamningur sé í augnsýn, hvernig sem þessum málum ljúki, og mun ný stjórn taka að sér að upplýsa nánar um hann og fá samþykki félagsmanna fyrir innihaldi hans.

## Málþing

Málþing um valdheimildir landvarða var haldið í maí sl. að frumkvæði Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum og óskuðu þau eftir

aðkomu okkur. Landverðir frá mismunandi svæðum voru fengnir til að kynna stuttlega þau vandamál sem þau hafa upplifað í starfi. Einnig voru kynningar frá lögfræðingum UST og VJP um lagarammann og almennt um meðferð valdheimilda og saksóknarfulltrúi hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra fjallaði um úrvinnslu mála. Áhugavert var að fylgjast með málþinginu og þá sérstaklega að heyra hvað þessi mál eru flókin og línán ekki alltaf skýr. Við höfum óskað eftir því við stofnanirnar að við höfum frekara samtal um þær umræður sem sköpuðust á málþinginu og stefnum á að funda með stofnunum um það mál með vorinu.

## **Kannanir meðal landvarða**

Á starfsárinu sendum við félögum tvær kannanir, um störf og hagi félaga og um aðbúnað og álag. Kveikjan að fyrri könnuninni var áætluð leiga sem UST og VJP höfðu lagt fram fyrir sl. sumar og vildum við sýna fram á að stór hluti landvarða borgi af húsnæði meðan hann sinnir landvörslu. Það reyndist rétt, eða tæplega 70% svarenda. Tæplega helmingur er einnig ósammála eða mjög ósammála því að húsakostur sé viðunandi. Seinni könnunin sýndi skýr merki um að landverðir hafi upplifað aukið álag í kjölfar covid faraldursins og yfir helmingur hefur fundið fyrir álagseinkennum í starfi. Við funduðum með forsvarsmönnum stofnananna í nóvember þar sem við kynntum m.a. niðurstöðurnar úr könnunum og lögðum mikla áherslu á það álag sem var á landverði sl. sumar. Ekki fékkst svar við því hvernig framtíðarsýn þeirra á leigumálum sé háttað en við munum halda áfram að mótmæla því að við borgum leigu fyrir húsnæði á vinnustað, fjarri heimili okkar. Það sem var jákvætt á fundinum er að samvinna stofnananna virðist vera að aukast. Við munum óska aftur eftir fundi með þeim í vor þar sem við viljum m.a. ræða öryggismálin. Nánar um það síðar.

## **Áeggjan til stjórnar í myndun**

Við sendum opið bréf í stjórnarmyndunarviðræður sl. haust þar sem við brýndum fyrir öllu því fólki og flokkum sem koma að stjórnarmyndunarviðræðum að verkefni tengd náttúruvernd og loftslagsmálum verði sett í forgang sem mikilvægustu viðfangsefni samtímans. Bréfið var birt á heimasíðu Fréttablaðsins. Þegar ljóst var að Guðlaugur Þór Þórðarson yrði nýr umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra höfðum við samband við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og óskuðum eftir fundi með ráðherra. Við höfum nú ítrekað ósk okkar tvisvar en fáum þau svör að listinn sé langur en við séum í röðinni.

## **Kynningastarf**

Stjórn hefur komið að nokkrum kynningum á tímabilinu, bæði á félaginu og náttúruverndarmálum. Nína hélt erindi á ráðstefnu um hálendisýn ungs fólk í maí sem haldin var á Laugarvatni af Ungum umhverfissinum þar sem hún kynnti sjónarhorn landvarða þegar kemur að framtíð hálendisins og kynnti hún mikilvægi landvörslu fyrir náttúruvernd á landsfundi Ungra umhverfissinna um náttúruvernd í október. Að venju fengum við tækifæri til að kynna félagið á landvarðanámskeiðinu sem haldið er af Umhverfisstofnun en einnig höfðum við

samband við umsjónarmenn námskeiðsins „friðlýst svæði, landvarsla og stjórnun“ sem kennt er við Háskóla Íslands og kynntum bæði félagið og fjölbreytt störf landvörslu. Við höfum ekki komið inn í þennan áfanga áður en vonumst til að það festi sig í sessi. Við höfum einnig haft samband við Landbúnaðarháskólann og Háskólann á Hólum og óskað eftir tækifæri til að kynna félagið í þeim áföngum og/eða námsbrautum sem nemendur hljóta landvarðaréttindi við að klára. Virkni á samfélagsmiðlum hefur haldið áfram að vaxa. Félagið heldur úti facebook síðu, instagram reikningi og starfrækir sérstakan hóp fyrir félagsmenn.

Öll óskum við þess að framtíðin sé björt fyrir landverði sem og aðra og að Landvarðafélag Íslands geti lagt sitt af mörkum til náttúruverndar og haldi áfram að vinna af krafti að því að vera málsvari landvarða.

Stjórn Landvarðafélags Íslands þ. 17. mars 2022.